

## Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um stefnu í íþróttamálum  
og stuðning við keppnis- og afreksíþróttir.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvað líður endurskoðun á stefnumótun ráðuneytisins í íþróttamálum sem birt var í september 2011 og gildi á árabílinu 2010–2015?
2. Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að gera sérsamböndum fjárhagslega auðveldara að halda úti landsliðum og taka þátt í alþjóðastarfi sem fulltrúar Íslands líkt og kveðið er á um í fyrrgreindri stefnumótun?
3. Hvert var framlag ríkissjóðs til afrekssjóðs og ferðasjóðs ÍSÍ á árunum 2007–2016, sundurliðað eftir árum?
4. Hverjir voru styrkir úr afrekssjóði ÍSÍ á árunum 2007–2016? Svar óskast sundurliðað eftir árum og sérsamböndum.
5. Hvernig skiptust framlög úr afrekssjóði ÍSÍ á árunum 2007–2016 milli fólks sem hefur íþrótt sína að meginatvinnu og áhugamanna? Svar óskast sundurliðað eftir árum, kynjum og sérsamböndum.
6. Hverjir voru styrkir úr ferðasjóði ÍSÍ á tímabilinu 2007–2016? Svar óskast sundurliðað eftir árum, íþróttafélögum, íþróttageinum og kynjum.
7. Á hvað leggur ráðuneytið áherslu í nýjum reglum afrekssjóðs ÍSÍ sem unnið er að í tengslum við aukið framlag ríkisins til sjóðsins?

Skriflegt svar óskast.